



Dagsetning: 30. apríl 2026
Málsnúmer: 2601101/7.0

Til fjölskyldunefndar

MINNISBLAÐ

um eftirfylgni greiningar á leiðum til að styrkja starf Breiðdals- og Stöðvarfjarðarskóla í samvinnu við skólasamfélagið

Starfsumhverfi Breiðdals- og Stöðvarfjarðarskóla skapar aðrar áskoranir en víða annars staðar í skólastarfi. Meðal áskorana eru:

- að nemendur búa í dreifbýli og tveimur byggðakjörnum og skólastarfið fer fram á tveimur stöðum (einn af örfáum skólum á landinu með þannig starfsaðstæður).
- skólinn er fámennur og því fylgja áskoranir bæði félagslega og námslega.
- fámennið skapar einnig áskoranir við mönnun skólans.

Skipulag skólastarfsins og dreifð búseta nemenda kallar á mikinn akstur með nemendum, á erfiðum vegum, tími þeirra nemenda sem lengst ferðast með skólabíl fer ítrekað yfir æskilegt viðmiðunarmörk samkv. [reglugerð](#) „Miðað skal við að daglegur heildartími skólaaksturs, að meðtöldum biðtíma, sé að jafnaði ekki lengri en 120 mínútur.“ Bíll safnar saman 9 börnum úr sveitinni í Breiðdal og skilar á Breiðdalsvík, eitt barn kemur með skólabíl á Stöðvarfjörð. Rúta flytur nemendur á milli Stöðvarfjarðar og Breiðdalsvíkur eftir því hvoru megin er kennt.

- Ferðatíminn milli skólanna er áætlaður 25-30 mín aðra leið.
- Ferðatími nemanda úr sveitinni getur orðið allt 50 mín önnur leiðin.
- Þannig eru þeir nemendur sem lengst eiga að fara á ferðinni frá 7:10 - 8:30 áður en skóli hefst og frá 15:00 til 16:20 eftir að skóla lýkur. Hluti nemenda getur þurft að bíða eftir skólabílnum í skólanum suma daga vikunnar eftir að kennslu lýkur.

Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson, ráðgjafi hjá Ásgarði skólaráðgjöf var fenginn til að greina möguleikana við þróun starfs Breiðdals- og Stöðvarfjarðarskóla næstu árin, og tók hann viðtöl við foreldra, starfsmenn og nemendur í janúar og febrúar 2026. Hann skilaði skýrslu til fjölskyldunefndar í apríl 2026 og kynnti helstu niðurstöður úr viðtölunum á fundi foreldra og starfsmanna.

Samandregin niðurstaða er: Það eru tækifæri til styrkingar skólastarfsins, þau krefjast skýrrar stefnu og viðmiða. Það þarf sífelldar og markvissar umbætur á skólastarfinu og ljóst að óbreytt fyrirkomulag skólastarfsins verður sífellt brothættara.



Í viðtölum Gunnþórs kom það skýrt fram að það telja allir sameinaðan skóla “skásta kostinn” – en sú leið þarf styrkingu. Sjónarmiðin eru þó misjöfn en sameiginlegur skilningur ríkir um mikilvægi skólastarfs í hvorum byggðakjarna. Mikilvægt að viðhalda skólastarfi í báðum byggðakjörnum og húsnæði á öðrum staðnum dugar ekki fyrir öll viðfangsefni skólastarfsins.

Mikilvægt er að endurskoða núverandi skipulag, fara í ákveðnar breytingar og meta framganginn markvisst, styrkja faglegt starf og stuðning við starfsfólk í anda gæðastarfs og bæta og skýra samskipti og upplýsingaflæði – á sama tíma og haldið er í félagslega styrkleika núverandi fyrirkomulags og þeir styrktir enn frekar.

Til að ná þessu fram er lagt til að unnin verði aðgerðaáætlun til að fylgja eftir tillögum um leiðir til að styrkja skólastarfið. Aðgerðaáætlunin þarf að vera lifandi skjal sem yrði til reglulegrar umfjöllunar á fundum skólastjóra með skólaráði og stjórn foreldrafélags leikskóla. Það er mikilvægt að hafa í hug að ein aðgerð sem lætur lítið yfir sér á blaði kallar oft á fjölmargar afleiddar breytingar og ákvarðanir.

Markmið aðgerðaáætlunarinnar, er að styrkja skólastarfið faglega og félagslega, auka fyrirsjáanleika í daglegu starfi og til lengri tíma.

Aðgerðaáætlunin skiptist í eftirfarandi þætti:

1. Skýrara skipulag sem leiði til meiri stöðugleika og fyrirsjáanleika í starfi nemenda og starfsfólks: t.d. breyting á vikuskipulagi og ýmis viðmið sett og skýrð.
2. Draga úr akstursálagi á nemendur með breyttu vikuskipulagi, ásamt því að skoða fjölbreytt tækifæri til að breyta akstursskipulagi úr sveitum og samhæfa skóla og tómstundir betur.
3. Styrkja faglegt starf og mönnun t.d. betri námsvísi, náms- og kennsluáætlanir. Áfram verði lögð áhersla á að mæta nemendum þar sem þeir eru staddir og að námið sé einstaklingsmiðað.
4. Skilgreina stjórnun, ábyrgð og markvissari stuðning s.s. stuðning við stjórnendur, reglulega fyrirfram skilgreinda skólaþjónustu þ.m.t. stuðning við eftirfylgni kennsluáætlana og reglulega eftirfylgni farsældarvinnu á samþættingardögum.
5. Bæta upplýsingaflæði og traust: halda áfram reglulegri upplýsingagjöf og nota leiðir eins og skólaþing til að ræða mögulegar leiðir við þróun skólastarfsins.
6. Efla félagslegt starf og skólabrag: auka samstarf við foreldrafélag og fjölskyldusvið komi að samhæfingu frístunda, félagsmiðstöðva og tómstunda.
7. Styrkja samstarf við nærsamfélagið: t.d. styrkja og skilgreina samstarf við fyrirtæki og stofnanir betur.
8. Skýra framtíðarsýn t.d. í skólastefnu Fjarðabyggðar og með samkeppni um nafn á skólann.
9. Mat á breytingum fari fram reglulega, með könnunum og/eða samtölum.



Tilteknar aðgerðir og viðmið sem þarf að setja krefjast ákvarðana fjölskyldunefndar.

Í því sambandi er eftirfarandi lagt til.

- Í stað þess að kenna til skiptis á Stöðvarfirði og Breiðdalsvík, er lagt til að kennt verði samfelld fyrripart vikunnar á Breiðdalsvík (mánudag, þriðjudag og miðvikudag) og seinni part vikunnar á Stöðvarfirði (fimmtudag og föstudag). Tilgangurinn er að ná fram meiri og betri samfellu í vinnu nemenda og starfsfólks og draga úr vikulegu akstursálagi á þau börn sem fara um lengstan veg.
- Lagt er til að veittar verði auknar fjárheimildir til að aksturs í þeim tilgangi að stytta þann tíma sem fer í akstur og bið hjá börnum sem fara um lengstan veg. Stjórnandi fræðslumála kannar allar mögulegar leiðir til þessa. Einnig gæti betri samhæfing skóla og tómstunda kallað á auknar fjárheimildir til aksturs.

Setja þarf viðmið um eftirfarandi.

- Lágmarksmönnun á starfsstöð til að mögulegt sé að taka á móti nemendum. Lagt til að viðmiðið verði að tekið sé á móti nemendum ef að a.m.k. tveir starfsmenn eru til staðar á starfsstöð. Ef þessi staða kemur óvænt upp að morgni er haft samband við foreldra og staðfestingar á móttöku upplýsinga aflað.
- Lágmarksfjöldi barna til að halda úti leikskóladeild á starfsstöð. Lagt er til að viðmiðið verði að fyrirsjáanlegt sé í júní að nemendur verði a.m.k. 5 einhvern tíma á komandi skólaári til að leikskóladeild verði opnuð að hausti.
- Lagt er til að sviðsstjóri fjölskyldusviðs leiði víðtækt samstarf um samhæfingu frístunda, félagsmiðstöðva og tómstunda í samvinnu við skólann. Slík samhæfing gæti leitt til aukins kostnaðar í mönnun og akstri.
- Viðmið um lágmarkshlutfall barna á starfsstöð til að farið verði ítarlega yfir aksturs og kennslu fyrirkomulag. Lagt til að ef fyrirsjáanlegt er að hlutfall nemenda fari niður fyrir 30% á öðrum staðnum verði lagst yfir skipulagið, með a.m.k. árs fyrirvara.

Líneik Anna Sævarsdóttir

Stjórnandi fræðslumála og skólaþjónustu



Viðauki:

Nemendaspá fyrir næstu þrjú skólaár gerir ráð fyrir að grunnskólanemendur frá Stöðvarfirði verði 40-43% grunnskólanemenda. Það eru 30 heimili með börn í skóla – þar af 11 Stöðvarfjarðar megin. (Byggt á upplýsingum frá jan. 2026).

	Skólaárið 2025-2026	Skólaárið 2026-2027	Skólaárið 2027-2028	Skólaárið 2028-2029
	Leikskóli	Leikskóli	Leikskóli	Leikskóli
	19	14	14	11
1	Yngsta stig	Yngsta stig	Yngsta stig	Yngsta stig
2				
3				
4	14	12	13	17
5	Miðstig	Miðstig	Miðstig	Miðstig
6				
7	10	14	13	10
8	Unglingastig	Unglingastig	Unglingastig	Unglingastig
9				
10	7	11	9	10

Samtals leikskóli	19	14	14	11
Breiðdalur	15	13	?	?
Stöðvarfjörður	4	1	?	?
Samtals grunnskóli	31	37	35	37
Breiðdalur	18	21	20	23
Stöðvarfjörður	13	16	15	15
Samtals BS skóli	50	51	49	48

